


# LAXVEIÐIN 1992

GUÐNI GUÐBERGSSON  
FRÍÐÞJÓFUR ÁRNASON



maí 1993

VMST-R/93016



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vistfræðideild


# LAXVEIÐIN 1992

GUÐNI GUÐBERGSSON  
FRÍÐÞJÓFUR ÁRNASON



maí 1993

VMST-R/93016



## VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf

VAGNHÖFÐA 7  
112 REYKJAVÍK  
S: 91-676400  
FAX: 91-676420

## Efnisyfirlit:

Inngangur.....	2
Aðferðir.....	2
Laxveiðin 1992.....	3
Stangveiði.....	4
Netaveiði.....	5
Hafbeit.....	5
Umræður.....	6
Þakkarorð.....	7
Heimildir.....	8
Myndir og töflur.....	9 - 18

## INNGANGUR

Úrvinnslu veiðiskýrslna fyrir laxveiðina 1992 er nú lokið. Eins og verið hefur sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir veiðitímann og þeim var síðan safnað saman að honum loknum. Í flestum tilfellum bárust bækurnar fljótt en þó var einstaka undantekning sem seinkaði útgáfu heildarsamantektar.

Veiðitími fyrir lax og göngusilung ár hvert er 3 mánuðir á tímabilinu frá 20. maí til 20. september skv. lögum nr:76 frá 1970.

## AÐFERÐIR

Úrvinnsla veiðiskýrslna er með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987; Guðni Guðbergsson 1988; 1989; 1990; 1991; Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992). Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd, veiðarfæri og veiðistaði séu þeir númeraðir til auðveldunar skráningu þeirra.

Heildarfjöldi veiddra laxa er lagður saman ásamt heildar- og meðalþunga veiðinnar. Laxveiðinni er skipt í smálaxa og stórlaxa og er átt við að smálax séu þeir laxar sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur. Þyngdarbilið sem skipting í smálax og stórlax liggur á getur verið breytilegt milli ára. Hér er skiptingin þannig að hængar 8 pund og þyngri eru taldir vera tveggja ár úr sjó, en hrygnur 7 pund og þyngri. Skipting sem þessi er góð nálgun við raunverulega skiptingu (Guðni Guðbergsson 1989). Þyngd laxfiska er jafnan gefin upp í pundum en 1 pund er skilgreint sem 500 grömm.

Í hverjum landshluta fyrir sig er veiðin tekin saman og skipting landshluta sú sama og skipting kjördæma.

Líkt og undanfarið er tekin saman listi valinna ára, yfir tímabilið frá 1974 - 1992. Á því tímabili eru upplýsingar til á tölvutæku formi og einnig að miklu leyti sambærilegar milli ára. Breytingar í veiði lýsa í grófum dráttum breytingum í laxgengd. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta veiði á tímabilinu og mesta veiði.



Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiðina nema að þar eru sjaldnast til upplýsingar um einstaka fiska en þess í stað er stuðst við heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Á Vesturlandi var upplýsingum safnað af Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.) og á Suðurlandi af Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.).

Líkt og verið hefur eru tölur um fjölda laxa sem endurheimtust úr hafbeit teknar með í þessari skýrslu enda oft erfitt að draga skýr mörk milli hafbeitar og fiskræktar. Samanlagt gefa tölur um endurheimtur úr hafbeit og veiði á náttúrulega framleiddum laxi í íslenskum vatnakerfum hugmynd um fjölda íslenskra laxa í úthafinu. Um endurheimtur í hafbeit er stuðst við skýrslu Stefáns Eiríks Stefánssonar (1993) og um skiptingu milli landshluta eru upplýsingar fengnar frá Stefáni Eiríki Stefánssyni (munnl. uppl.).

## LAXVEIÐIN 1992

Sumarið 1992 veiddust alls 42.309 laxar á stöng, 7.265 laxar veiddust í net í ám, 4.797 í net í sjó og 140.763 laxar endurheimtust úr hafbeit (tafla 1). Alls eru þetta 195.134 laxar. Heildarþungi veiddra laxa og hafbeitarlaxa var 635,9 tonn sem skiptist þannig að 140 tonn veiddust á stöng, 22,3 tonn í net í ám, 13,1 tonn í sjó og 460,5 tonn endurheimtust úr hafbeit.

Heildarveiði laxa og endurheimtur hafbeitarlaxa á árinu 1992, var sú mesta frá upphafi (tafla 2).

Samanlagður fjöldi stang- og netveiddra laxa er um 4% meiri en meðalveiði árána 1974 - 1991 (tafla 2). Stangveiðin 1992 fór vaxandi eftir þriggja ára lögð (mynd 1) og var 15% meiri en meðalveiði árána 1974 - 1992. Netaveiðin var 27% minni en meðalveiði sömu ára og svipuð og verið hefur undanfarin fjögur ár (mynd 2).

Fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa jókst frá árinu 1991 og var á árinu 1992 sá mesti frá upphafi (mynd 3).

### Stangveiðin

Heildarstangveiði á Íslandi 1992 var 42.309 laxar og vógu þeir samtals 140 tonn. Flestir laxar veiddust á Vesturlandi 15.923 en fæstir á Vestfjörðum 1.357 (töflur 6 - 12). Að þunga til var veiðin einnig mest á Vesturlandi um 50 tonn en næst mest á Norðurlandi vestra um 28 tonn.

Flestir laxar veiddust í Þverá og Kjarrá 2.314 en næst flestir í Laxá í Aðaldal 2.295 og í þriðja sæti var Hofsa í Vopnafirði með 2.238 veidda laxa. Röð 10 efstu laxveiðianna er sýnd í töflu 3.

Í veiðiskýrslur voru í heild skráðir 38.334 silungar. Samkvæmt veiðiskýrslum veiddust flestir silungar á Norðurlandi eystra (töflur 6-12) og á það bæði við um bleikju og urriða. Alls voru skráðir 17.054 urriðar og 21.280 bleikjur. Af einstökum ám veiddust flestir urriðar á silungasvæði Laxár á Ásum 3.911 (tafla 4) og flestar bleikjur í Eyjafjarðará 3.095 (tafla 5).

Af stangveiddum lögum voru 30.676 (73%) sem verið höfðu eitt ár í sjó en 11.633 (27%) tvö ár eða lengur (tafla 13). Í stangveiði voru 2,6 smálaxar á móti hverjum einum stórlaxi, í netaveiði voru þeir 2,2 og 5,7 í hafbeit. (tafla 14).

Veiðiálag af völdum stangveiði hefur verið metið í Elliðaánum og verið frá 34 - 47%, en um 41% að meðaltali (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1993). Líklegt er að stangveiðiálag í íslenskum laxveiðiám sé á bilinu 30 - 80% (Þór Guðjónsson 1986).

Nokkuð bar á eldis- og hafbeitarlaxi í stangveiði í ám einkum við Faxaflóa. Hlutdeild þeirra hefur þó minnkað frá fyrra ári. Veiðin í þessum ám er nokkru hærri en hún hefði verið ef eingöngu væri um náttúrulega framleiðslu þessara áa að ræða. (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1993). Þannig var fjöldi

fjöldi veiddra laxa af náttúrulegum uppruna í Elliðaánum 1.066 af þeim 1.393 sem veiddust. Hlutfall laxa af eldisuppruna var því 23% árið 1992 en var tæp 38% 1991.

Líkt og gert hefur verið undanfarin ár er gefin veiði valinna áa frá 1974 ásamt reiknuðu meðaltali, minnstu- og mestu veiði tímabilsins (tafla 15).

### **Netaveiðin**

Heildarlaxveiði í net í ám á Íslandi 1992 var 12.062 laxar sem vógu 35,4 tonn. Í net veiddust flestir laxar á Suðurlandi 6.572. Í Ölfusá veiddust 2.435 laxar, 2.043 í Hvítá, 2.055 í Þjórsá og 39 í Skaftá (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.). Í Borgarfirði veiddust nú 155 laxar í net á vatnasvæði Hvítár sem er mikil minnkun á veiði frá fyrri árum, en þar er nú annað árið í röð, einungis veitt í fá net, (Sigurður Már Einarsson, munnl. uppl.). Netaveiði í ám var einhver í öllum landshlutum nema á Reykjanesi (tafla 1). Í netaveiði í sjó veiddust 4.797 laxar sem vógu 13,1 tonn. Þeir veiddust allir í net við Vesturland en lögleg sjávarveiði er stunduð þar frá fimm jörðum. Laxveiði í sjó var svipuð því sem var 1991.

### **Hafbeit**

Í hafbeit endurheimtust alls 140.763 laxar sem vógu 460,5 tonn. Flestir laxar endurheimtust í hafbeitarstöðvar á Vesturlandi og á Reykjanesi (tafla 1). Fjöldi endurheimtra laxa í hafbeit 1992 var sá mesti frá upphafi. Árið 1990 var sleppt 5,6 milljónum gönguseiða og um 5,7 milljón gönguseiðum var sleppt 1991 til hafbeitar, en sú slepping stendur að stórum hluta undir endurheimtum 1992. Á árinu 1992 mun um 4,6 milljónum seiða hafa verið sleppt til hafbeitar (Stefán Eiríkur Stefánsson 1993), en þau seiði eiga að skila heimtum 1993.

## UMRÆÐUR

Nýting laxveiði á Íslandi hefur verið með mjög líku sniði undanfarin ár og segja má að veiðin endurspegli nokkuð vel laxgengd í árnar. Sumarið 1992 var nokkuð kaflaskipt hvað varðar veðráttu til veiða. En kuldar í júní og eins í lok veiðitímabilsins settu svip sinn á veiðina einkum norðanlands og austan. Þegar á heildina er litið munu aðstæður þó hafa verið þökkalegar. Veiðin sumarið 1992 var svipuð því sem laxgengdin gaf tilefni til og umtalsverð aukning varð í veiði frá 1991 eða um 37%. Hlutdeild laxa sem sloppið hafa úr eldiskvíum og hlutdeild hafbeitarlaxa sem villst hafa úr hafbeit, og koma fram í veiði, fer nú minnkandi, en er þó enn nokkur einkum við Faxaflóa. Þessir fiskar hækkuðu fjölda veiddra laxa.

Netaveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði var nær engin sumarið 1992, annað árið í röð, enda einungis fáar lagnir þar notaðar. Netaveiðirétturinn hefur verið leigður af þeim sem stangveiði stunda. Upptaka neta í Hvítá hefur leitt til aukningar í veiði í hliðarám Hvítár. Á undanförunum tveimur árum varð talsverð aukning í veiði laxa í sjó, á þeim fimm jörðum sem slíka veiði stunda. Þetta má fyrst og fremst rekja til stórfelldra sleppinga laxaseiða í hafbeit. Aukin umferð laxa með ströndinni kemur þar með fram í meiri veiði í sjó. Þrátt fyrir aukningu í veiði, lækkar hlutfallslega sá fjöldi sem veiðist í net í sjó af heildargöngu laxa að landinu. Þar er vikufriðun og veiðni neta væntanlega farin að takmarka veiðina.

Sveiflur í veiði eru í álíka takti í flestum ám og nær allar ár í sama landshluta eru með sambærilega sveiflu. Það eru því umhverfisskilyrði sem ráða mestu um veiði og þá ekki síst vorið sem gönguseiðin ganga til sjávar. Kemur þar til bæði fjöldi seiða sem nær gönguproska og gengur til sjávar og ekki síður afföll þeirra í sjó en talið er að þau séu mest á fyrstu vikum sjávardvalar.

Heldur færri silungar voru skráðir í veiðinni 1992 en var 1991. Það ár varð mikil aukning í silungsveiði sem að miklum hluta mátti rekja til bættrar skráningar og aukinnar ástundunar silungsveiði. Silungsveiði í ám virðist heldur minnka þegar laxveiði er mikil. Þrátt fyrir bætta skráningu silungsveiði er enn talsvert í land með

að öll silungusveiði sé skráð og er það eitt af þeim framtíðarverkefnum sem þarf að vinnast í samvinnu við veiðimenn og veiðiréttarhafa.

Hér skal ítrekað að ef veiðiréttarhafar skrá númer á veiðistaði fæst skipting veiðinnar eftir veiðistöðum við úrvinnslu hvernar veiðiár.

Þeir sem skráningu veiði annast eru minntir á að skila veiðiskýrslum til úrvinnslu strax að loknum veiðitíma. Veiðibækur þurfa að hafa borist Veiðimálastofnun í síðasta lagi 1. desember.

#### **ÞAKKARORÐ**

Sigurður Már Einarsson safnaði netaveiðiskýrslum á Vesturlandi og Magnús Jóhannsson á Suðurlandi. Stefán Eiríkur Stefánsson safnaði tölum um hafbeit. Ingi Rúnar Jónsson aðstoðaði við töflu og myndagerð.

Ofantöldum aðilum kunnum við bestu þakkir. Síðast en ekki síst ber að þakka hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar.

**HEIMILDIR**

**Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1993.** Hlutdeild eldislaxa í ám á sv- horni landsins samkvæmt hreisturlestri 1992. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-R/93015.

**Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987.** Laxveiðin 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/87014.

**Guðni Guðbergsson 1988.** Laxveiðin 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/88026.

**Guðni Guðbergsson 1989.** Laxveiðin 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/89019.

**Guðni Guðbergsson 1990.** Laxveiðin 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/90016.


**Guðni Guðbergsson 1991.** Laxveiðin 1990. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91017.

**Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992.** Laxveiðin 1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/92012.


**Stefán Eiríkur Stefánsson 1993.** Framleiðsla í Íslensku fiskeldi árið 1992. VMST-R/93006.

**Þór Guðjónsson 1986.** Exploitation of Atlantic Salmon in Iceland. Í: Atlantic Salmon: Planning for the future. (ritstj.) Derik Mills og David Piggins.


**Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1993.** Rannsóknir á fiskistofnum vatnasviðs Elliðaánna 1992. Veiðimálastofnun skýrsla, VMST-R/93014X.



Mynd 1. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1992.



Mynd 2. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1992.



Mynd 3. Fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeit 1974 - 1992.



Tafla 1. Heildarfjöldi og heildarþyngd (pund) fangaðra laxa á Íslandi 1992, skipt eftir veiðiaðferðum og landshlutum (kjördæmum). (1 pund = 500gr).

Landshluti	Stangveiði		Netaveiði		Hafbeit		Samtals		Hlutfall (%) af heild	
	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd
Reykjanes	3980	21631			53299	328644	57279	350275	29,4	27,5
Vesturland	15923	100099	4952	27372	77138	527760	98013	655231	50,2	51,5
Vestfirðir	1357	9475	19	110	380	2136	1756	11721	0,9	0,9
Norðurland vestra	7410	56209	123	1085	178	1168	7711	58462	4,0	4,6
Norðurland eystra	6297	46506	283	2017	8548	54309	15128	102832	7,8	8,1
Austurland	4673	26909	113	592			4786	27501	2,5	2,2
Suðurland	2669	19110	6572	39630	1220	6982	10461	65722	5,4	5,2
<b>Samtals:</b>	<b>42309</b>	<b>279939</b>	<b>12062</b>	<b>70806</b>	<b>140763</b>	<b>920999</b>	<b>195134</b>	<b>1271744</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Samtals þyngd í kg:		139970		35403		460500		635872		

Tafla 2. Heildarfjöldi stang- og netaveiddra laxa, auk framleiðslu hafbeitarstöðva, á Íslandi 1974 - 1992. Reiknaður er hlutfallslegur fjöldi (%) náttúrulegra laxa af heildarfjölda laxa.

ÁR	Stangveiði	Netaveiði	Stang- og netaveiði samtals	Hafbeit	Heildarfjöldi samtals	Hlutfall náttúrulegra laxa (%)
1974	34107	18044	52151	3765	55916	93,3
1975	45882	20402	66284	7720	74004	89,6
1976	39249	17130	56379	3247	59626	94,6
1977	41302	20864	62166	2405	64571	96,3
1978	52679	25946	78625	1953	80578	97,6
1979	43955	18306	62261	1967	64228	96,9
1980	30007	18992	48999	3138	52137	94,0
1981	27777	14478	42255	4626	46881	90,1
1982	24671	11107	35778	5340	41118	87,0
1983	29267	17761	47028	11194	58222	80,8
1984	23582	10912	34494	6595	41089	83,9
1985	31621	14942	46563	19750	66313	70,2
1986	46671	20437	67108	24100	91208	73,6
1987	33907	13960	47867	14140	62007	77,2
1988	47979	18781	66760	64017	130777	51,0
1989	30082	11738	41820	48617	90437	46,2
1990	29443	12339	41782	90726	132508	31,5
1991	31492	10454	41946	133203	175149	23,9
1992	42309	12062	54371	140763	195134	27,9
<b>1974 - 1992 meðaltal:</b>	<b>35760</b>	<b>16477</b>	<b>52237</b>	<b>24806</b>	<b>77043</b>	<b>67,8</b>

**Tafla 3.** Tíu aflagæstu laxveiðiárnar 1992.

Nafn ár.	Fjöldi veiddra laxa
1. Þverá og Kjarrá	2314
2. Laxá í Aðaldal	2295
3. Hofsa	2238
4. Norðurá	1965
5. Grímsá og Tunguá	1864
6. Víðidalsá og Fitjá	1473
7. Miðfjarðará	1401
8. Elliðaár	1393
9. Selá í Vopnafirði	1318
10. Langá	1290

**Tafla 4.** Fimm aflagæstu urriðaveiðisvæðin 1992.

Nafn ár	Fjöldi veiddra urriða
1. Fremri Laxá á Ásum	3911
2. Laxá í Aðaldal ofan Brúa.	2613
3. Grenlækur	2640
4. Laxá í Aðaldal neðan Brúa	1286
5. Litlaá	684

**Tafla 5.** Fimm aflagæstu bleikjuveiðiárnar 1992.

Nafn ár	Fjöldi veiddra bleikja
1. Eyjafjarðará	3095
2. Hörgá	1238
3. Flókadalsá í Fljótum	1144
4. Vatnsdalsá	1112
5. Ólafsfjarðará	1110

**Tafla 6.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Reykjanesi (Reykjaneskjördæmi) 1992. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalb.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálaxa	Meðalb. smálaxa	Fjöldi stórlaxa	Meðalb. stórlaxa	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Elliðaár	1393	7020	5,0	17,3	1317	4,8	76	9,0	0	0
Úlfarsá (Korpa)	517	2398	4,6	11,9	477	4,3	40	9,6	14	2
Leirvogsa	556	2700	4,9	11,9	513	4,4	43	9,7	14	0
Kiðafellsá	19	141	7,4	2,2	13	5,3	6	11,7	4	0
Laxá í Kjós	1053	6753	6,4	2,7	765	5,2	288	9,7	28	0
Bugða	191	1211	6,3	3,5	149	5,5	42	9,5	1	0
Brynjudalsá	154	894	5,8	4,7	127	5,1	27	9,3	8	1
Botnsá	97	514	5,3	7,1	85	4,8	12	9,1	11	3
<b>Reykjanes samtals:</b>	<b>3980</b>	<b>21631</b>	<b>5,4</b>	<b>6,5</b>	<b>3446</b>		<b>534</b>		<b>80</b>	<b>6</b>

**Tafla 7.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Vesturlandi 1992. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálaxa	Meðalþ. smálaxa	Fjöldi stórlaxa	Meðalþ. stórlaxa	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Selós og Þverá	6	42	6,9	1,0	3	5,3	3	8,7	1	0
Laxá í Leirársveit	652	3758	5,8	5,2	547	4,9	105	10,0	223	6
Hafnará	161	991	6,2	2,7	117	4,3	44	11,1	0	0
Hvítá í Borgarfirði	529	3371	6,4	2,9	395	5,1	134	10,0	149	88
Andakilsá	85	534	6,3	2,7	62	5,4	23	8,5	2	341
Grímsá og Tunguá	1864	10575	5,7	5,8	1591	5,0	273	9,5	216	12
Flókadalsá	322	1664	5,2	8,8	289	4,6	33	9,7	9	1
Reykjadalsá	107	721	6,7	2,7	78	5,4	29	10,2	16	1
Norðlingafljót	570	4629	8,1	0,7	234	5,9	336	9,6	1	0
Þverá og Kjarrá	2314	15865	6,9	2,2	1584	5,2	730	10,4	121	14
Norðurá	1965	11237	5,7	4,7	1622	4,9	343	9,3	43	11
Gljúfurá	286	1479	5,2	12,0	264	4,8	22	9,9	10	15
Langá	1290	6802	5,3	7,3	1134	4,8	156	8,4	8	18
Urriðaá	19	116	6,1	3,8	15	5,3	4	9,0	35	3
Álftá	333	1887	5,7	6,4	288	5,1	45	9,3	191	6
Hítará og Grjótá	255	1563	6,1	4,0	204	5,2	51	9,9	23	396
Haffjarðará	818	5458	6,7	2,6	591	5,5	227	9,6	6	6
Núpá í Eyjahreppi	136	1034	7,6	1,3	78	5,3	58	10,7	20	123
Laxá í Miklaholtshreppi	19	102	5,4	3,8	15	4,5	4	8,5	30	70
Straumfjarðará	233	1409	6,0	2,5	167	4,9	66	8,9	1	0
Lýsa	107	743	6,9	1,2	58	5,4	49	8,7	3	0
Fróðá	52	272	5,2	4,8	43	4,7	9	7,9	5	56
Setbergsá	120	656	5,5	7,6	106	4,9	14	9,5	3	0
Laxá á Skógarströnd	72	463	6,4	2,3	50	5,4	22	8,8	2	6
Dunká	125	831	6,6	2,3	87	5,2	38	9,9	0	0
Hörðudalsá	68	495	7,3	1,7	43	5,3	25	10,8	0	340
Skrauma á Skógarströnd	6	41	6,8	2,0	4	4,8	2	11,0	0	0
Miðá og Tunguá	214	1403	6,6	2,2	147	5,0	67	9,9	4	650
Haukadalsá neðri	776	4896	6,3	2,3	544	4,6	232	10,2	0	8
Haukadalsá efri	27	165	6,1	2,9	20	4,8	7	9,6	2	149
Laxá í Dölum	1124	8648	7,7	1,2	623	5,7	501	10,2	1	9
Fáskrúð	330	2119	6,4	2,9	245	5,2	85	9,9	20	0
Glerá	36	258	7,2	1,6	22	5,1	14	10,4	0	0
Laxá í Hvammssveit	78	519	6,7	2,5	56	5,3	22	10,0	10	13
Flekkudalsá	262	1247	4,8	14,4	245	4,5	17	8,7	7	8
Krossá	125	631	5,0	7,9	111	4,5	14	9,3	29	10
Búðardalsá	131	852	6,5	2,2	90	4,6	41	10,7	4	38
Hvolsá	122	1120	9,2	0,7	49	5,3	73	11,8	1	372
Staðarhólsá	184	1503	8,2	1,1	95	5,3	89	11,2	2	25
<b>Vesturland samtals:</b>	<b>15923</b>	<b>100099</b>	<b>6,3</b>	<b>3,0</b>	<b>11916</b>		<b>4007</b>		<b>1198</b>	<b>2795</b>

**Tafla 8.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vestfjörðum 1992. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Fjarðarhornská	24	174	7,3	2,0	16	5,5	8	10,5	0	233
Mórudalsá	26	192	7,4	1,4	15	5,6	11	1,1	0	65
Suðurfossá	61	377	6,2	3,4	47	5,2	14	9,3	0	0
Botnslón	6	32	5,3	5,0	5	4,7	1	8,0	0	0
Svínaþóssá *										
Hvannadalsá	71	451	6,4	2,9	53	5,1	18	9,9	0	25
Langadalsá	292	1809	6,2	3,2	222	5,0	70	10,0	0	34
Laugardalsá	220	1524	6,9	2,3	153	5,4	67	10,5	7	1
Ísafjarðará	15	92	6,1	6,5	13	5,7	2	8,8	2	1
Bjarnarfjarðará	2	15	7,5	1,0	1	4,0	1	11,0	0	192
Selá í Steingrímsfirði	81	558	6,9	2,0	54	5,7	27	9,3	0	259
Staðará í Steingrímsfirði	169	1270	7,5	1,2	92	5,6	77	9,9	0	265
Hrófá	93	666	7,2	1,8	60	5,3	33	10,6	7	42
Prestbakkaá	73	521	7,1	1,5	44	4,9	29	10,4	0	0
Krossá	63	480	7,6	1,3	36	5,0	27	11,0	1	0
Víkurá	77	600	7,8	1,8	49	5,3	28	12,2	0	25
Laxá í Hrutáfirði	84	714	8,5	0,8	36	4,7	48	11,4	0	0
<b>Vestfirðir samtals:</b>	<b>1357</b>	<b>9475</b>	<b>7,0</b>	<b>1,9</b>	<b>896</b>		<b>461</b>		<b>17</b>	<b>1142</b>

\* skýrsla barst ekki.

**Tafla 9.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi vestra 1992. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Hrutálfjarðará og Síká	459	3197	7,0	2,5	326	5,3	133	10,9	1	192
Tjarnará	23	136	5,9	4,8	19	5,0	4	10,2	0	97
Miðfjarðará	1401	10363	7,4	1,6	864	5,3	537	10,7	6	152
Víðidalsá og Fitjá	1473	11262	7,6	1,8	952	5,4	521	11,7	34	467
Vatnsdalsá	998	8647	8,7	1,2	538	5,6	460	12,2	506	1112
Gljúfurá	101	693	6,9	2,6	73	5,7	28	9,9	19	75
Giljá	26	168	6,5	1,9	17	5,1	9	9,1	7	0
Laxá á Ásum	861	5722	6,6	2,3	603	5,3	258	9,8	20	0
Fremri Laxá á Ásum	29	216	7,4	1,9	19	5,3	10	11,5	3911	35
Blanda	432	3942	9,1	0,6	162	5,2	270	11,5	23	37
Svartá	363	2336	6,4	3,0	273	5,1	90	10,5	50	103
Laxá á Refasveit	297	2118	7,1	2,2	204	5,1	93	11,6	2	0
Hallá	56	409	7,3	1,2	31	4,8	25	10,4	21	3
Laxá í Nesjum	20	140	7,0	1,5	12	5,4	8	9,4	0	0
Fossá í Skefilst.hr.	20	141	7,1	2,3	14	5,3	6	11,2	0	0
Laxá í Skefilstaðahreppi	144	1101	7,6	1,7	90	5,3	54	11,5	6	31
Húseyjarkvísl	245	2067	8,4	1,1	129	5,4	116	11,8	483	17
Hrolleifsdalsá	16	107	6,7	2,2	11	5,0	5	4,0	102	410
Flókadalsá	164	1404	8,6	0,9	79	5,6	85	11,4	109	1144
Flijótaá	282	2040	7,2	1,5	167	5,4	115	9,9	0	881
<b>Norðurland vestra samt.:</b>	<b>7410</b>	<b>56209</b>	<b>7,6</b>	<b>1,6</b>	<b>4583</b>		<b>2827</b>		<b>5300</b>	<b>4756</b>

Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Norðurlandi eystra 1992. (þyngd er í pundum, 1pund = 500 gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Ólafsfjarðará	0	0	0,0		0	0,0	0	0,0	14	1110
Svarfaðardalsá	7	53	7,6	0,4	2	5,3	5	8,5	44	1049
Þorvaldsdalsá	3	23	7,7		2	0,0	1	0,0	0	194
Hörgá	10	60	6,0	4,0	8	4,9	2	10,0	25	1238
Eyjafjarðará	54	306	5,7	8,0	48	5,4	6	8,5	86	3095
Fnjóská	554	4113	7,4	1,5	333	5,3	221	10,5	25	239
Djúpá	77	547	7,1	2,1	52	5,3	25	10,9	0	0
Skjálfandaflljót	862	6207	7,2	2,2	593	5,2	269	11,5	88	160
Laxá í Aðaldal	2295	19756	8,6	1,1	1203	5,7	1092	11,9	1286	48
Laxá í Laxárdal	0	0	0,0		0	0,0	0	0,0	708	1
Laxá í Mývatnssveit	0	0	0,0		0	0,0	0	0,0	1905	2
Reykjadalsá	280	1891	6,8	1,8	179	5,1	101	9,7	0	0
Mýrarkvísl	390	2495	6,4	3,4	301	5,2	89	10,3	20	1
Litluárvötn	45	248	5,5	5,4	38	5,0	7	8,6	684	551
Skjálfvatn	5	22	4,4		5	4,3	0	0,0	39	70
Brunná	2	12	6,0	1,0	1	5,0	1	7,0	37	146
Deildará	281	1644	5,9	5,5	238	5,2	43	9,6	29	17
Ormarsá	335	1938	5,8	5,1	280	4,9	55	10,4	28	127
Svalbarðsá	289	1999	6,9	2,4	205	5,4	84	10,7	5	21
Sandá	354	2373	6,7	3,5	275	5,5	79	10,7	3	3
Hafralónsá	266	1616	6,1	4,2	215	5,1	51	10,3	8	39
Kverká	38	246	6,5	2,8	28	5,1	10	10,3	8	2
Hölná	150	957	6,4	3,5	117	5,1	33	11,0	4	1
<b>Norðurland eystra samtals:</b>	<b>6297</b>	<b>46506</b>	<b>7,4</b>	<b>1,9</b>	<b>4123</b>		<b>2174</b>		<b>5046</b>	<b>8114</b>

Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Austurlandi 1992. (þyngd er í pundum, 1pund = 500gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Miðfjarðá og Kverká	192	1179	6,1	3,2	146	4,8	46	10,5	2	2
Selá í Vopnafirði	1318	8073	6,1	4,2	1064	5,1	254	10,4	2	103
Vesturdalsá	264	1578	6,0	2,9	196	4,5	68	10,3	4	726
Hofsá í Vopnafirði	2238	12569	5,6	7,3	1967	4,9	271	11,1	42	470
Sunnudalsá	133	633	4,8	13,8	124	4,5	9	7,7	1	1
Þilsá og Selfljót	90	481	5,3	3,3	69	4,7	21	7,3	53	368
Fjarðará, Seyðisfirði.	155	838	5,4	10,9	142	5,1	13	9,2	5	114
Fjarðará, Loðmundarfirði	57	321	5,6	7,1	50	5,3	7	8,3	6	64
Breiðdalsá	226	1237	5,5	4,7	186	4,7	40	9,2	245	23
<b>Austurland samtals:</b>	<b>4673</b>	<b>26909</b>	<b>5,8</b>	<b>5,4</b>	<b>3944</b>		<b>729</b>		<b>360</b>	<b>1871</b>



**Tafla 12.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Suðurlandi 1992. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Geirlandsá	66	444	6,7	2,5	47	5,5	19	9,7	109	43
Skaftá Vatnamót	1	6,5	6,5		1	6,5	0	0,0	243	4
Skaftá Mávab.Veiðiós	12	65	5,4	11,0	11	4,9	1	11,0	111	3
Holtsá	0	0	0,0		0	0,0	0	0,0	17	37
Grenlækur	8	45	5,6	7,0	7	5,3	1	7,0	2640	177
Eldvatn í Meðallandi	24	133	5,5	7,0	21	5,2	3	8,0	38	27
Tungufjót	49	359	7,3	1,9	32	5,6	17	10,7	134	46
Kerlingadalsá og Vatnsá	169	960	5,7	3,2	129	4,9	40	8,3	139	36
Heiðarvatn	6	31	5,2	5,0	5	4,6	1	8,0	373	319
Rangár og Fiská	521	3203	6,1	4,0	417	5,4	104	9,3	527	106
Kálfá	2	13	6,5	1,0	1	4,0	1	9,0	57	20
Ölfusá	293	2035	6,9	2,2	201	5,4	92	10,4	52	12
Hvítá	687	5475	8,0	1,3	388	5,5	299	11,5	135	37
Hagaós og Brúará	28	244	8,7	0,8	12	5,4	16	11,2	7	99
Brúará, Spóastaðir	15	156	10,4	0,5	5	4,3	10	13,5	4	153
Stóra Laxá	420	3482	8,3	1,2	232	5,4	188	11,8	11	25
Sogið	341	2267	6,6	2,6	246	5,1	95	10,5	7	173
Ásgarðslækur	0	0	0,0		0	0,0	0	0,0	0	0
Veiðifélag flóamanna	20	146	7,3	0,7	8	5,6	12	8,4	449	172
Hlíðarvatn	7	45	6,4	2,5	5	3,8	2	11,7	0	1107
<b>Suðurland samtals:</b>	<b>2669</b>	<b>19110</b>	<b>7,2</b>		<b>1768</b>		<b>901</b>		<b>5053</b>	<b>2596</b>

**Tafla 13.** Skipting stangveiddra laxa 1992, eftir sjávaraldri og landshlutum.

Landshluti	Smálax	Stórlax	Hlutfall
	Fjöldi	Fjöldi	Smálax/stórlax
Reykjanes	3446	534	6,5
Vesturland	11916	4007	3,0
Vestfirðir	896	461	1,9
Nrðurland vestra	4583	2827	1,6
Norðurland eystra	4123	2174	1,9
Austurland	3944	729	5,4
Suðurland	1768	901	2,0
<b>Samtals:</b>	<b>30676</b>	<b>11633</b>	<b>2,6</b>

**Tafla 14.** Skipting laxveiði á Íslandi 1992 í smálax og stórlax.

Veiði aðferð	Smálax	Stórlax	Hlutfall
	Fjöldi	Fjöldi	Smálax/stórlax
Stangveiði	30676	11633	2,6
Netaveiði	8279	3783	2,2
Hafbeit	119877	20886	5,7
<b>Samtals:</b>	<b>158832</b>	<b>36302</b>	<b>4,4</b>



Tafla 15. Fjöldi veiddra laxa valinna laxveiðia á árunum 1974 - 1992. Reiknuð er meðalveiði, mesta veiði og minnsta veiði tímabilins.

Nafn vatnsfalls	V																MEDAL-VEIÐI	MESTA VEIÐI	MINNSTA VEIÐI			
	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989				1990	1991	1992
Ellibaar	2033	2071	1692	1328	1383	1336	938	1074	1219	1508	1331	1157	1083	1175	2006	1773	1384	1127	1393	1422	2071	938
Úlvarsa (Korpa)	357	438	406	361	327	215	110	166	158	450	225	303	376	245	709	440	306	238	517	334	709	110
Leitvögsá	332	739	544	474	463	386	136	213	322	514	320	438	324	291	1057	458	489	435	556	447	1057	136
Laxá í Kjós	1270	1901	1973	1677	1648	1508	950	1290	927	1545	1273	871	1043	933	3422	1819	1370	1328	1053	1463	3422	871
Bugða	158	269	410	263	136	125	212	260	232	450	461	283	201	230	389	314	226	265	191	267	461	125
Brynjaldalsá	205	271	185	173	98																	
Laxá í Leitarsveit	822	1654	1288	1154	1252	899	707	670	545	708	742	860	1610	914	1887	1186	1052	850	652	1024	1887	545
Andakléisa	235	331	262	187	237	138	69	104	89	108	106	101	145	136	203	122	97	134	85	152	331	69
Hvíla	521	339	388	401	788	573	555	364	348	213	326	597	469	514	439	301	263	572	520	447	788	213
Grimsa og Tunguá	1419	2116	1439	1103	1952	1527	869	845	717	1382	1061	1463	1836	825	1963	1200	756	1294	1864	1349	2116	717
Flokaðalsá	411	613	432	263	547	377	266	181	234	281	303	351	384	282	293	182	241	350	322	332	613	181
Reykjaldalsá	275	156	185	112	120	105	56	80	100	91	58	42	69	42	33	75	77	157	107	102	275	33
Þveira og Kjarrá	1748	2330	2368	3132	3558	1938	1245	1616	1901	1082	1550	2127	1703	1567	1327	1485	1979	2314	1943	3558	1082	
Norbura	1428	2132	1675	1470	2089	1995	1583	1185	1455	1643	856	1121	1523	1034	1359	867	1070	1267	1965	1459	2132	856
Gljufurá	150	522	356	400	461	286	130	101	184	225	110	138	280	73	181	133	97	171	286	225	522	73
Langá	1379	2131	1568	1720	2405	1893	1049	735	1090	960	610	1155	1765	1023	1409	748	1000	951	1290	1310	2405	610
Urriðalsá	84	112	202	102	102	102	102	65	151	162	142	103	55	16	105	63	34	13	19	89	202	13
Álfá	154	341	204	300	386	255	265	267	396	485	268	333	399	202	443	283	245	274	333	307	485	154
Hitará	383	525	351	346	649	314	167	252	202	201	151	203	506	273	428	225	257	393	255	320	649	151
Harfjarðará	613	559	595	624	950	701	494	465	562	625	549	562	1131	521	875	661	599	711	818	664	1131	465
Strauufjarðará	451	755	433	466	648	391	320	437	350	360	215	327	378	161	334	300	267	308	233	375	755	161
Vatnsholtis og vörn																						
Fróða	60	182	199	254	225	234	130	94	75	100	100	58	61	71	51	50	51	52	118	254	50	
Griðholtisá og Bakka																						
Setbergisá	99	167	114	190	179	177	109	183	121	201	189	277	218	117	242	103	106	101	72	156	277	99
Laxá á Skogarsbrönd																						
Dunká	6	10	22	23	18	10	10	32	16	16	23	10	23	10	68	126	71	96	104	101	142	52
Skrauma																						
Hörudalsá	74	55	55	51	51	55	27	87	50	79	43	18	116	78	62	77	68	6	3	14	32	0
Móla í Döllum	117	245	121	146	135	203	85	182	132	161	128	46	101	35	200	118	90	88	214	62	116	18
Haukaðalsá	810	914	904	862	926	630	408	814	598	886	633	499	817	650	1232	511	540	703	776	134	245	35
Laxá í Döllum	341	547	488	419	533	630	324	671	650	947	903	1600	1907	1408	2385	1006	1049	1227	1124	743	232	408
Fáskrúð	202	298	136	242	226	261	140	190	154	214	165	257	449	381	464	203	226	183	330	248	464	136
Flekkudalsá	300	462	343	342	467	509	293	255	237	249	189	133	244	129	360	140	145	241	262	279	509	129
Krossá á Skarbsbrönd	106	120	109	81	106	156	115	157	126	203	93	27	117	51	208	99	30	100	125	112	208	27
Þuðarðalsá	35	126	136	185	163	180	90	18	140	111	100	144	137	323	101	768	163	331	327	203	768	18
Hvolsá og Staðarholsá	126	136	185	163	180	90	18	140	111	100	144	137	323	101	768	163	331	327	306	22	60	0
Fjarðarhornisá	309	601	245	681	703	596	276	288	250	181	125	421	386	190	501	280	161	284	220	353	703	125
Langadalsá í Isafjarðum	10	27	170	189	203	277	206	111	101	98	31	54	112	67	95	130	88	217	292	142	277	31
Isafjarðará	78	172	170	189	203	277	206	111	101	98	31	54	112	67	95	130	88	217	292	142	277	31
Hvannadalssá	57	56	56	27	17	17	23	6	7	0	7	44	22	18	60	66	95	81	75	304	277	31
Sela í Steingrimsfirði	34	22	22	17	17	17	23	6	7	0	7	44	22	18	60	66	95	81	75	304	277	31
Staðará í Steingrimsf.	44	100	108	124	101	95	72	46	41	26	25	28	64	40	71	62	118	82	169	32	95	0
Vöðalsá í Steingrimsf.	182	49	54	61	93	104	98	34	54	12	16	56										
Hrófá	20	20	20	22	56	37	48	41	29	14	21	54	62	23	85	41	32	94	93	68	182	12
Krossá í Þitru	5	38	92	68	121	219	125	174	61	75	45	70	100	40	89	40	38	28	77	97	180	14
Vikturá	44	44	44	66	93	105	21	40	40	57	39	85	115	43	123	68	79	219	28	79	180	14
Bakká																						
Laxá í Hrítafirði	9	32	18	23	17	39	43	61	45	126	165	133	98	69	11	47	96	84	62	165	23	9

Tafla 15. Framhald.

Nafn vatnsfalls	R																	MEDAL- VEIÐI	MESTA VEIÐI	MINNSTA VEIÐI		
	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990				1991	1992
Hríufjarðará og Síka	194	291	228	262	346	312	253	288	220	287	195	345	536	259	532	252	200	359	459	306	536	194
Mjölfjarðará	837	1414	1601	2381	2337	2132	1714	1213	926	882	383	1059	1719	1073	2081	1175	774	1112	1401	1401	2581	583
Tjarnará á Vatnanesi		34			112	82	53	56	36	53	23	55	25	0	40	40	18	51	23	44	112	0
Víðidalssá og Fíjja	1051	1140	1238	1792	1851	1948	1423	1392	1132	1082	625	713	1541	1563	2023	924	604	667	1473	1273	2023	604
Vatnadalssá	706	832	571	1203	1466	1413	1033	985	721	879	699	856	1582	1496	1243	660	604	683	998	981	1582	571
Laxá á Ásum	1439	1881	1270	1439	1854	1650	956	1413	1036	1050	625	1440	1857	1617	1749	651	604	833	861	1251	1881	625
Blanda	1173	2363	1485	1367	2147	906	778	1412	861	511	495	766	1814	1243	1217	375	607	568	432	1080	2363	375
Svartá	420	232	96	46	295	469	444	125	73	147	132	330	391	462	275	118	105	108	363	244	469	46
Laxá á Refasveit	79	58	41	71	94	146	153	71	39	57	70	111	144	132	140	96	156	117	297	109	156	39
Hallá		6			34	62	98	94	26	14	25	8	22	32	20	22	30	45	56	30	98	30
Fossá í Skeflist hr	120	134	73	140	200	220	245	161	113	93	74	134	138	176	137	70	103	70	144	123	303	29
Laxá í Skeflist hr	115	116	160	212	303	112	70	52	29	75	139	94							112	112	194	52
Stremundará	112	118	141	158	194	84	107	52	54	90	77	105	104	101	73	113	89	103	245	112	194	52
Húseyjarvísl	23	2		15		12	16	10	23										14	14	23	2
Hölsá í Vesturdal						12	12	11	7										13	13	24	7
Kolká		24	28	41	41	65	17	4	4	7	4	25	15	24	10	18	16	18	16	21	65	4
Hrolleifsdalssá					71	40	22	54	2	10	68	83	150	112	93	323	388	135	164	61	135	2
Flokkadalssá í Fljótum	204	189	173	269	316	199	165	125	71	60	68	82	150	112	93	323	388	135	282	179	388	60
Fíjótta						27	71	21	14	7	11	11	13	13	10	6	40	22	54	257	554	93
Eyjafjarðará	386	268	250	273	554	446	527	257	323	98	107	120	144	93	124	112	121	135	554	257	554	93
Fjöfská	67	412	288	336	336	317	426	108	169	100	165	679	721	503	379	431	318	862	862	376	721	67
Skjalafandafjöt	1817	2326	1777	2699	3063	2372	2324	1455	1304	1109	1256	1911	2730	2422	2255	1619	1543	1439	2295	1985	3063	1109
Laxá í Aðaldal	337	264	133	593	657	492	321	271	114	210	155	344	373	241	435	241	272	191	280	312	657	114
Reykjaldaalsá og Eyvandarl.	120	201	121	181	221	197	169	242	179	248	215	388	490	252	287	239	188	243	390	245	490	121
Mýrarvísl	213	117	147	275	286	119	124	54	45	48	73	203	350	275	278	264	187	156	335	184	350	45
Ormurá	158	189	168	224	357	164	111	93	27	55	69	234	253	178	173	145	142	88	281	245	357	27
Deilurá	234	172	155	240	257	158	167	51	36	41	29	161	171	176	198	238	135	136	289	160	357	29
Svalbarðsá	288	238	315	474	418	411	380	138	53	47	35	257	340	403	290	182	81	100	354	253	474	35
Sandá	135	118	92	219	130	66	73	26	26	25	11	109	121	131	144	105	91	55	150	96	219	11
Höfná	343	302	227	312	276	264	180	36	60	52	25	132	223	296	361	313	223	123	266	211	361	25
Hafnalssá	147	144	183	248	242	135	80	39	15	39	32	116	168	206	186	235	136	101	192	139	248	15
Mjölfjarðará vð Bakkafj.	589	711	845	1463	1394	767	637	192	168	229	123	627	1258	1523	1102	895	634	772	1318	802	1523	123
Selá í Vopnafirði	391	329	326	513	498	268	141	42	34	61	47	280	197	380	231	226	163	116	264	237	513	34
Vesturdalssá	1277	1117	1253	1273	1336	599	615	145	141	258	185	1219	1631	1710	1210	809	552	642	2238	958	1710	141
Höfsá				77	32	19	7		6	15	16	65	70	32	12	5	26	42	90	34	77	5
Selvísl				44	27	13	5	1									6			16	44	1
Fjarðará í Borgarf. eystrí	126	123	76	248	412	248	153	41	20	21	4	78	158	257	185	104	91	116	226	141	412	4
Breiðdalssá	56	162	59	99	91	88	65	59	42	51	46	49	26	32	62	47	74	93	66	67	162	26
Ceirilanúsa í V-Skaft.	24	51	13	43	33	45	12	17	11	17	3	9	11	11	37	14	15	13	24	21	51	3
Eldvatn			14	34	43	74	46	16	20	36	28	23	36	20	25	9	11	21	49	30	74	9
Tungufjöt				28	33	16	57	48	90	49	47	47	47	47	144	78	107	107	169	75	144	16
Kerlingadalssá og Vatnsá	29	57	95	46	82	98	65	80	65	22	10	17	78	32	53	80	1622	453	521	184	1622	10
Rangárnar	157	340	293	266	571	272	76	242	218	481	707	183	166	113	115	188	200	286	420	279	707	76
Síoralaxá í Hreppum	88	84	57	49	64	49	19	57	32	63	92	48	58	76	37	34	44	72	43	56	92	19
Briurá		593	589	537	620	439	223	329	343	248	361	424	497	490	714	325	397	396	341	437	714	223
Sogó		1159	549	503	6	102	368	237	381	254	405	393	535	616	315	249	293	293	687	778	1169	299
Hvítá í Ánessýslu		549	69	42	4	8	10		59	20	20	9	14	11	15	66	104	87	2	34	104	4
Ölfusá																						
Kálfi í Gnúpsveirjar.																						
Vatns. Baugstaðs																						
VEIÐI SAMTALS	30785	38888	38680	42107	53189	44076	31154	28872	26493	30758	24731	33631	45833	35607	49486	31612	30468	29915	40314	36137	53189	24731